

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-17/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Lýtur ágreiningur aðila að hitastigi vatns sem seljandi afhendir álitsbeiðanda.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um hitastig á heitu vatni sem seljandi afhendir í heimahús seljanda, en álitsbeiðandi telur að hitastig vatnsins, 56°C sé of lágt og ætti að vera nær 80°C líkt og það vatns sem afhent er inn á aðrar fasteignir í nágrenni heimahúss álitsbeiðanda. Telur álitsbeiðandi að m.a. feli hið lága hitastig í sér galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Því eigi hann rétt á afslætti af kaupverði hins heita vatns.

Skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup fellur afhending á vatni vissulega undir lögum. Sala á heitu vatni hér á landi er, svo sem í þessu tilviki, alla jafna háð einkaleyfi sem ráðherra veitir. Gilda því um sölu á vatni og samninga milli seljenda og kaupenda vatns m.a. orkulög nr. 58/1967 og sérstaklega í tilviki álitsbeiðanda og seljanda lög nr. 136/2013 um Y og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Til að taka afstöðu til þess hvort hið umþrætta heita vatn geti talist gallað í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup þarf því óhjákvæmilega að líta til og túlka framangreind lög, sem og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Slík túlkun fellur utan við heimildir kærunefndarinnar skv. áður nefndum lögum nr. 87/2006. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir